

Þinggerð 18. Sambandsþings Íþróttasambands fatlaðra **haldið á Radisson Blu Hóтели Sögu**

25. mars 2017

1. Þingsetning

- Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF bauð þinggesti velkomna.
- Sveinn Áki Lúðvíksson formaður ÍF skrifaði undir nýja samninga við þrjá af samstarfsaðilum Íþróttasambands fatlaðra en samið var á ný við Valitor, Rúmfatalagerinn og Blue Lagoon.
- Már Gunnarsson, Nes, spilaði á píanó og söng tvö lög fyrir þinggesti, það seinna frumsamið við setninguna þingsins.
- Formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson setti þingið og í kjölfar þess flutti hann ávarp, þar sem þetta var hans síðasta þing sem formaður fór hann í stuttu máli yfir starf sitt hjá ÍF. Að ávarpi loknu voru veittar heiðursviðurkenningar:
 - Ragnheiður Austfjörð formaður Eikar, gullmerki ÍF.
 - Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ, gullmerki ÍF.
 - Guðbjörg Ludvígsdóttir læknir í fagraði ÍF, gullmerki ÍF.
 - Karl Þorsteinsson formaður Boccianenfdar ÍF, gullmerki ÍF.

2. Kosning þingforseta og þingritara

- Borin var upp tillaga stjórnar um Hafstein Pálsson sem þingforseta og var hún samþykkt samhljóða.
- Borin var upp tillaga um þingritara, Jón Björn Ólafsson og Kristínu Guðmundsdóttur, samþykkt samhljóða.

Þórður Árni Hjaltsted óskaði eftir að ávarpa þingið fyrir kaffihlé og afhenti Sveini Áka Lúðvíkssyni æðsta heiðursmerki ÍF.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti ÍSÍ tók til máls og þakkaði fyrir sig og í framhaldi afhenti Sveini Áka æðsta heiðursmerki ÍSÍ heiðurskrossinn.

Ólafur Magnússon þakkaði fyrir og óskaði merkjahöfum og heiðursfélaga til hamingju.

3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

- Tillaga var gerð um að kjörbréfanefnd yrði skipuðu, Anna María Þórðardóttir, (AMP) HSP/ Völsungur, Elvar Thorarensen, (ET) Akur/ÍBA, Sverrir Gíslason, (SG) Ösp/ÍBR. Samþykkt samhljóða. Óskað var eftir því að nefndin tæki strax til starfa.

4. Kosning nefnda

- Undanfarin þing hafa ekki verið starfandi nefndir heldur hefur þingið starfað í einni nefnd. Samþykkt var samhljóða að þingið í heild starfaði í einni málstofu.
- Nefndarkjör féll niður.

5. Lögð fram skýrsla stjórnar (þingskjal 1.0.)

- Ólafur Magnússon (ÓM) og Anna K. Vilhjálmsdóttir (AKV) og Jón Björn Ólafsson (JBÓ) stafsmenn ÍF fóru í stórum dráttum yfir skýrslu stjórnar ÍF sem hafði áður verið send sambandsaðilum.
- Hafsteinn Pálsson (HP) þakkaði fyrir flutning skýrslu og sagði að umræður um skýrslu stjórnar yrðu teknar með umræðum um reikninga.
- Að loknum störfum Kjörbréfanefndar gerði **Anna María Þórðardóttir** talsmaður nefndarinnar grein fyrir störfum hennar.

Kjörbréf frá 8 félögum lágu fyrir.

Þingfulltrúar mættir:

HSK – áttu rétt á 7 fulltrúum - 3 mættu

HSP – áttu rétt á 5 fulltrúum - 2 mættu

ÍA – áttu rétt á 4 fulltrúum - 2 mættu

ÍBA – áttu rétt á 8 fulltrúum – 7 mættu

ÍBH – áttu rétt á 7 fulltrúum – 4 mættu

ÍBR – áttu rétt á 14 fulltrúum – 9 mættu

ÍBV – áttu rétt á 3 fulltrúum - 3 mættu

ÍRB – áttu rétt á 6 fulltrúum - 1 mætti

HSV – áttu rétt á 3 fulltrúum - enginn mætti

UÍF – áttu rétt á 4 fulltrúum – enginn mætti

31 þingfulltrúar mættu

- Kjörbréfanefnd lagði til að ofangreind kjörbréf yrðu samþykkt og voru þau samþykkt samhljóða.

6. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (þingskjal 2.0.)

Jóhann Arnarsson (JA) gjaldkeri ÍF fór í stórum dráttum yfir reikninga sambandsins.

HP þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Engar spurningar.

Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

7. Lögð fram fjárhagsáætlun (þingskjal 3.0.)

- JA, gjaldkeri ÍF gerði grein fyrir fjárhagsáætlunum 2017 og 2018.

Hádegishlé

- Þingstörf hófust að nýju eftir hádegishlé kl. 13:10

8. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.

Fylgiskjal 4.0

ÞÁH kynnti tillöguna

Tillaga frá stjórn ÍF

Breyting á 2. grein laga ÍF

Sambandsaðilar ÍF eru héraðssambönd og íþróttabandalög með félög innan sinna vébanda er iðka íþróttir fatlaðra.

Aðildarfélög ÍF eru öll félög innan Í.S.Í. er iðka íþróttir fatlaðra.

Breytingatillaga

Sambandsaðilar ÍF eru héraðssambönd og íþróttabandalög með félög innan sinna vébanda sem skv. félagakerfi ÍSÍ iðka íþróttir fatlaðra

Aðildarfélög ÍF eru öll félög innan Í.S.Í. sem skv. félagakerfi ÍSÍ iðka íþróttir fatlaðra

Rök;

Íþróttamaður sem ekki er skráður sem iðkandi í íþróttum fatlaðra í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ hefur ekki rétt til þess að keppa í flokki fatlaðra á íþróttamótum á vegum Íþróttasambands fatlaðra eða annarra sérsambanda sem bjóða upp á keppni í flokki fatlaðra.

- **HP:** Orðið er laust um fylgiskjal 4
- **Ólafur Ólafsson (ÓÓ),** Ösp: Tillagan er af hinu góða. Fagnaði því að félög á borð við Ármann, KR, Fjölni og fleiri þyrftu að skrá fatlaða einstaklinga en spurði hvort félögin þyrftu að skrá sig hjá Íþróttasambandi fatlaðra? Til að mega taka þátt í Íslandsmótum er það skilningur minn að einstaklingur þurfi að vera skráður í félag og íþróttagrein. Ég hef orðið var við að keppendur komi á mót sem þekkja jafnvel ekki einu sinni þjálfara sinn. Mín spurning er þegar viðkomandi félög hafa skráð sig sem slík sem bjóða upp á íþróttir fatlaðra - hefur þá sambandið tók á því að fylgjast með í skráningarkerfinu hvort einstaklingurinn sé skráður í íþróttir fatlaðra?
 - **ÞÁH:** verða sjálfkrafa skráður undir íþróttum fatlaðra.
 - **ÓÓ:** hver fylgist með?
 - **SÁL:** tekur undir með Olla.
 - **ÞÁH:** Erum áfram með okkar skráningarkerfi á okkar Íslandsmót, þetta er til að halda utan um okkar íþróttamenn, að þeir séu skráðir sem eru fatlaðir. Félagakerfið (Felix) er ekki til að skrá inná mótið en eins og kom fram í gærkvöldi er það möguleiki og spurning að þróa það síðar.
 - **Karl Þorsteinsson (KP)** Ösp: það er ekkert mál þá að keyra saman Felix og skráningarform Íslandsmótsins. Boccia nefndin hefur prófað það til að fá kennitölur keppenda.

Lögin í heild samþykkt samhljóða.

Tillaga frá stjórn ÍF

Fylgiskjal 5.0

AKV kynnti tillöguna

Vegna breytinga á reglugerð fyrir Special Olympics nefnd ÍF

REGLUGERÐ FYRIR SPECIAL OLYMPICS NEFND ÍF

1.0 Innan ÍF skal starfa Special Olympics nefnd (skst. SO) skipuð þremur til fimm fulltrúum

Skýring; Formaður ÍF skal vera formaður SO nefndar ÍF
Staðgengill formanns ÍF er varaformaður ÍF

Breytingatillaga liður A)

1.0 *Innan ÍF skal starfa Special Olympics nefnd (skst. SO) skipuð átta fulltrúum sem gegna hlutverki skv. reglum SOI*

*Skýring; Formaður ÍF skal vera formaður SO nefndar ÍF
Staðgengill formanns ÍF er varaformaður ÍF*

Rök; Texti er yfirfærður skv. reglum SOI um átta manna stjórn

2. 0. Verkefni SO nefndar skulu vera eftirfarandi;

2.1 SO nefnd skal hafa til umfjöllunar helstu verkefni á vegum SO erlendis og vera umsagnaraðili um val þátttakenda og fararstjóra á mót SOI og SOE. Endanlegt val skal vera í höndum stjórnar ÍF

2.2 SO nefnd skal skipuleggja Íslandsleika SO sem halda skal annað hvert ár. Aðildarfélag ÍF geta verið framkvæmdaaðilar þessara leika í samráði við SO nefnd ÍF

Breytingatillaga liður B)

2.2. *SO nefnd skal vinna að því að fá skipuleggjendur að Íslandsleikum ÍF í mismunandi greinum, sem haldnir eru árlega.*

Rök; Texta breytt í samræmi við skipulag undanfarinna ára. Framkvæmdaaðilar geta verið aðildarfélag ÍF, nefndir ÍF eða aðrir sbr. KSÍ, Fímleikafélagið Gerpla, Skautadeild Aspar o.s.frv.

2.3. SO nefnd ÍF skal leitast við að kynna og útbreiða hugmyndafræði SOI og hafa yfirumsjón með því starfi sem varðar SO erlendis og innanlands

2.4. Stjórn ÍF styrkir SO nefnd fjárhagslega og hefur yfirumsjón með allri fjáröflun eins og gildir um annað starf á vegum ÍF

Breytingatillaga liður C) Nýr liður 3.0

3.0. Almennar reglur alþjóðahreyfingar SO (*SOI General Rules*)

http://resources.specialolympics.org/Topics/General_Rules/General_Rules_-_New_Page.aspx

3.1. Yfirlýst markmið (*Mission Statement*)

Markmið Special Olympics er að skapa börnum og fullorðnu fólki með þroskahömlun tækifæri til íþróttabjálfunar og keppni á árs grundvelli. Að veita þeim tækifæri til að efla líkamlega færni og styrkja sjálfsmynd sína, upplifa gleði og vináttu og skapa þeim vettvang þar sem styrkleikar fá að njóta sín, hvort sem er með fjölskyldu sinni, öðru íþróttafólki eða í samfélaginu.

3.2. Skyldur stjórnar (*Governance Requirements*)

d) reglur um stjórnarsetu (*d) Rotation of Members of Board/National Committee - http://resources.specialolympics.org/Topics/General_Rules/Article_05.aspx*

Rök; Liður 2.5.1 og 2.5.2. eru settir inn skv. beiðni SOI

- **HP:** Orðið er laust um fylgiskjal 5
- **SÁL:** Ítreka að þessi breyting er gerð að kröfu Special Olympics. Oftast er Special Olympics í hverju landi með sér starfsemi en svo er ekki hér á Íslandi að beiðni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Það sem skiptir máli hérna er að Paralympic- og Special Olympics verkefni okkar valdi ekki misskilningi út á við og Ísland starfar á undanþágum gagnvart aðalsamtökum Special Olympics svo ÍF geti áfram verið regnhlífarsamtök allra fatlaðra íþróttá Íslandi.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga frá stjórn ÍF

Fylgiskjal 6.0

ÓM kynnti tillöguna

Vegna breytinga á reglugerð um Nefndir og ráð ÍF

Reglugerð í handbók

Í framhaldi af ósk ÍSÍ um að reglugerðir sérsambanda þess væru uppfærðar og aðlagðar þeim breytingum sem orðið hafa á lögum og reglum ÍSÍ hefur stjórn ÍF breytt reglugerð sinni um Nefndir og ráð ÍF.

- **Grein 2.1 – Læknaráð verður Fagråd** þar sem innan þess starfar Læknanefnd ÍF
- **Grein 2.1 - Fagråd:** Verkefni læknaneftndar, sem áður stóðu í grein 2.4 Íþróttaneftndir einstakra íþróttagreina og segir „Unnt er að leita til Læknaneftndar ÍF eftir faglegum umsögnum þegar óskað er eftir sértækri aðstoð við einstakling sem valinn hefur verið til keppni á mót erlendis“ færirst undir grein 2.1.
- **Grein 2.4. - Íþróttaneftndir einstakra íþróttagreina:** Felld er úr reglugerðinni þar sem segir „Nefndirnar gera tillögur um þátttöku í alþjóðlegum mótum annarra en IPC móta.....“ þar sem öll mót er ÍF tekur þátt í eru IPC mót og/eða mótin ekki við lýði lengur.
Grein 2.4 - Íþróttaneftndir einstakra íþróttagreina: Til viðbótar í reglugerðinni standi „Í tengslum við afreksstefnu ÍF og afreksverkefni á vegum ÍF eru nefndirnar yfirmönnum landsliðsmála og/eða landsliðsþjálfurum til aðstoðar“.
- **Grein 7.1 – Kjörneftnd;** Felld var út það sem í 8. lið starfsreglna kjörneftndar sagði „Nefndin skal setja fram tillögu sína um kjör formanns, varaformanns, meðstjórnenda og varastjórn

Reglugerðina í heild sinni má finna í handbók ÍF undir Reglugerð um nefndir og ráð ÍF og á minniskubbi 18. Sambandsþings ÍF

- **HP:** Orðið er laust um fylgiskjal 6
- **ÓÓ:** Spurning um grein 2.4 - er alþjóðasamband boccia innan IPC hreyfingarinnar eða sérsamband sem er ekki innan IPC. Spurning er vegna afreksmanna í boccia þar sem Ísland á hvergi rétt á að keppa á alþjóðlegum mótum í boccia, verandi ekki aðilar aðþjóðasamtökum boccia.
- **Jósep Sigurjónsson (JS):** Athugasemd varðandi 7.1 er mjög hrifin af þessu.
- **ÓM -** Bocciasambandið er ekki lengur undir IPC og er orðið sjálfstætt. Við erum ekki ennþá orðnir aðilar en verið að skoða hvað hægt sé að gera í málum. Eins og hlutirnir eru í dag eru mjög fáar greinar innan IPC. Þarf að skoða hvaða þjónustu alþjóða boccia hreyfing væri að bjóða fyrir 1500 pund. Aðeins sund og frjálssar íþróttir eru ennþá undir hatti IPC.

- **ÞÁH:** Þótt að það fari út úr þessu að þá er það ennþá undir hatti Paralympics ráði og afrekssvið. Það er alltaf stjórn ÍF sem tekur ákvörðun um þátttöku á mótum.
- **SÁL:** Eins og ÞÁH kom inn á að þá eru breytingar úti í hinum stóra heimi, það eru sérsambönd eins og borðtennis sem dæmi sem eru að taka yfir sem alþjóðasambönd við rekstur greinanna. Við höfum lítil áhrif á þeirra starfsemi en þegar kemur að Paralympics tekur IPC við sem aðalsamband. Ekki er ósennilegt að svipuð þróun gæti orðið hjá ÍF þar sem íþróttagreinarnar gætu farið undir sérsamböndin og þ.a.l. út frá ÍF sem yrði þá regnhlíf yfir sínu verkefnahaldi. Ítreka að þessar breytingar eru að eiga sér stað úti í hinum stóra heimi og við getum ekki horft framhjá því.

Samþykkt samhljóða.

9. Tekin til umræðu, önnur mál og aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar ÍF.

7. tillögu vísað í 13 lið.

HP: Orðið er laust um fylgiskjal 3

- SÁL – tekur undir, þessi fjárhagsáætlun er mjög varkár. Reksturinn er hugsaður sem lægri en 2015 og 2016 og sambandið er að byggja upp grunn starfsemi og taka þátt í þeim mótum sem þarf.

HP: Orðið er laust:

Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál.

Fylgiskjal 8.0

ÓM og JBÓ kynntu tillöguna

Kynning ÍF á nýrri Afreksáætlun 2017 – 2020 - nánari upplýsingar og útfærsla

Viðauki við Afreksstefnu ÍF 2013 – 2020

- Afreksáætlun þessi byggir á afreksáætlun ÍF og því fjármagni sem ÍF hefur yfir að ráða til afreksmála. Afreksstefna ÍF stendur áfram óhöggð og í fullri virkni.
- Mikilvægt er að greina stöðu mismunandi íþróttagreina og íþróttafólks innan þeirra. Tilgangurinn er að geta metið hvar íþróttagreinin hjá ÍF stendur í samanburði við aðrar þjóðir.
- Markmið ÍF er að eiga þátttakendur í úrslitum og eða á verðlaunapalli á Paralympics og á þeim stórmótum þar sem ÍF tekur þátt. Einnig að eiga á hverjum tíma áberandi íþróttafólk sem ber hróður fatlaðra íþróttamanna á Íslandi hátt.
- Sett verður upp aðgerðaráætlun varðandi þverfaglega teymisvinnu, sem sér um uppfræðslu og þjálfun einstaklinga þvert á íþróttagreinar innan ÍF. Sérstakur vinnuhópur 2020 verður myndaður sem saman stendur af íþróttagreinþjálfurum, sjúkrapjálfurum, nuddurum, læknum, sálfræðingum, fararstjórum sem koma til með að vinna með íþróttafólkinu á næstu árum, verður kallaður til af yfirþjálfurum landsliðsmála.
- Ráðnir verða yfirmenn landsliðsmála ÍF sem stjórna öllum landsliðsverkefnum ÍF í samráði við Ólympíuráð/Afreksráð ÍF og stjórn ÍF. Ekki verða ráðnir sérstakir „landsliðsþjálfarar“ í hverri íþróttagrein. Hver íþróttamaður er aftur á móti með sinn persónulega þjálfara eða félagsþjálfara. Þörf fyrir fylgd þjálfara á mót er metin í hverju tilfelli/verkefni íþróttamanns og tekur tillit til aðstæðna og takmarka sem mótshaldarar áskilja sér.

Viðaukann í heild sinni má finna í handbók ÍF undir Um ÍF reglugerðir um nefndir og ráð ÍF og á minniskubbi 18. Sambandsþings ÍF

- **ÓÓ:** Hver er kostnaðurhlutur hvers íþróttamanns t.d. í æfingabúðum eða keppni?
- **JBÓ:** Það fer eftir því hvað stöðu hann gegnir innan A,B,C,D. Réttindi um skiptingu kostnaðar er að finna á heimasíðu ÍF undir afreksstefnu.
- **Þorbjörg Vilhjálmsdóttir (ÞV):** Hvort það hafi einhver áhrif á ÍF að vera flokkað niður hjá ÍSÍ, að ná ekki flokkun sem afrekssamband, heldur einungis alþjóðlegt samband.
- **HP** þetta voru tillögur nefndar ÍSÍ til að þessa að gera kröfur um aukið fjármagn frá ÍSÍ verður til umfjöllunar á íþróttapiðing ÍSÍ sem verður í maí. Verður tekið fyrir þar þar sem þetta var bara tillaga - vandi okkar var sá að við fengum fyrirheit um aukið fjármagn og því mikilvægt að stilla saman strengi og hvernig eigi að nýta þetta fjármagn. Þessi þrískipting byggir á matslyklum.
- **ÓM:** Eftir Paralympics í Ríó var fundað og þessi nýja afrekstefna varð til eftir það. Hvað varðar flokkun ÍSÍ - hélt að við værum í afreksflokki, en þetta eru þeirra tillögur og er

ekki búið að samþykkja. Mikið búið að funda vegna þessa. ÍF er að vinna í því að vera talið afrekssamband - en þó við séum í þessum alþjóðaflokki að þá erum við samt að fá meiri pening en við höfum verið að fá.

- **HP** – rifjar upp að það hafi tekið langan tíma að finna lausn varðandi úthlutun t.d. úr getsþá. (lottó) stór hluti af þessari vinnu varð fræðslustarf til að fræða um hvernig skiptingin færi fram. Erum í sama bátnum hvað þetta varðar, mikið verk framundan að fólk setji sig inn í hugmyndafræðina og matslykklana hvernig allt flokkast, mikilvægt að vel takist.
- **JBÓ** - talar fyrir hönd starfsmanna - mikilvægt að þetta starf geti hafist og metnaðarfull sambönd eins og ÍF geti þá strax hafist handa við að vinna að þeirri vegferð að geta flokkast sem afrekssamband því þannig lítur stjórn og starfsfólk sannanlega á Íþróttasamband fatlaðra eins og árangurinn í liðlega þrjá áratugi getur vottað um.

HP: Orðið er laust:

Umræður um afreksstefnuna er lokið.

- **Jóhann Arnarson** - vill nota tækifærið til þess að geta náð til sem flestra fulltrúa aðildarfélaganna. Í fyrra var haldið upp á 30 ára afmæli sumarþúða Íþróttasambands fatlaðra. Vil nota tækifærið og biðja ykkur um að færa til ykkar félaga þær upplýsingar að iðkendur kynni sér sumarþúðirnar og að ÍF standi fyrir þessu verkefni. Reynslan af sumarþúðunum segir okkur að fjöldi einstaklinga með fatlanir eru oft einir og afskiptir en hafa öðlast fjölbreyttara og betra líf við að koma í Sumarþúðirnar og jafnvel þar að eignast sína fyrstu vini. Það er ótrúlega gaman að verða vitni að slíkum hlutum, slíkum áföngum. Ef þið getið liðsinnt okkur við þetta, beint upplýsingum um þúðirnar til sem flestra og málið er hægt að kynna sér vel á Facebook-síðu Sumarþúðanna. Vera dugleg að dreifa upplýsingunum sömuleiðis - reyna að koma þessu sem víðast.
- **Halldór Sævar Guðbergsson** - hættulegt þegar þingforsetar leyfir fólki eins og mér að tala um hvað sem er! Ræddi um sumarþúðirnar og mikilvægi þess og sem fyrrum starfsmaður þar. Hef unnið og vinn mikið í þessum fatlaða geira. Ég veit hvaða þýðingu það hefur fyrir einstaklingana að komast í sumarþúðirnar á Laugarvatni. Ég tel það mjög mikilvægt að ná að halda verkefninu áfram innan ÍF eða fá aðra til að taka upp þráðinn, þörfin er mikil og í öllu falli þurfa sumarþúðir fyrir fatlaða að vera starfræktar. Þessi hópur á erfiðara en almenningur með að finna úrræði sem hentar og því þurfum við að hugsa sumarþúðanna til frambúðar enda eru þær eitt af flaggskipunum í starfsemi sambandsins. Vegna ágangs erlendra ferðamanna er erfitt að koma svona verkefni fyrir og því þarf að skoða sumarþúðirnar og starfsemi þeirra gaumgæfilega. Hitt verkefnið er barna- og unglíngamótið. Það er miður að mótið hafi verið lagt niður í þeirri mynd sem

það fór fram. Líkt og með sumarbúðirnar tel ég fulla þörf á því að verkefnið haldi áfram með einhverju móti enda flest af okkar afreksfólki sem hefur komið fram í gegnum þessi mót. Brottfall er mikið á aldrinum 12-16 ára og því mikilvægt að bjóða upp á verkefni fyrir fötluð börn á þessum aldri.

- **Ragnheiður Austfjörð:** Mikilvægt að fá að vita með góðum fyrirvara hvar Íslandsmótin / boccia mótin yrðu haldin og hvenær því það væri mjög erfitt orðið að fá hótelplass á höfuðborgarsvæðinu. Ferðaskrifstofur oft búna að bóka langt fram í tímann.
- **ÓM:** Þetta sem að RA var að benda á væri alveg rétt t.d eru hótelrymi í RVK uppbókuð um 31% og 69 % laust en ferðaskrifstofur búin að blokkera þessi hótél. Við getum visslega reynt að koma upplýsingum fyrr, en erum háð hvað hvenær íþrótt- og sýningarhöllin er laus. Verðum að bæta okkar verkferla með að bæta okkur um hvar og hvenær mótin fara fram. Getum því miður ekki verið ferðaskrifstofa og bókað hótél. Eigum t.d. í erfiðleikum að halda í þessu herbergi hér sem þinggestir gista í.
- **JBÓ:** Í sambandi við okkar móttahald að þá erum við að halda stóru mótin En keyrum frjálssar með FRÍ og sundið með SSÍ. Í boccia, borðtennis og lyftingar þá er hægt að koma til móts við félögin og það er hægt að halda þau mót fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Hægt að taka fyrir á næsta formannafundi.
- **Jóhanna María Gyldadóttir:** nýkjörin formaður NES – Varðandi afreksáætlun. er einhver önnur áhersla en á afreksíþróttir? Er t.d. að hugsa um frjálssar íþróttir en það er ekki hvetjandi markaður þegar það eru aðeins tvö mót á ári á vegum íþróttasambandsins en kannski vantar meira samstarf á milli aðildarfélaganna. Fagnar mjög starfi Spec Ol. Fór á Malmö open í fyrra í fyrsta skipti og sonur minn tók þátt í frjálssum íþróttum ásamt öðrum dreng úr Nes. En þetta var í fyrsta skipti sem boðið var uppá keppni í frjálssum íþróttum. Báðir drengirnir frá Nes komu alsælir heim með verðlaunapeninga.
- **SÁL:** Við viljum tryggja að keppendur geti vissulega framkvæmt sínar greinar þegar komið er á stórmót á borð við Íslandsmót. Það hefur sýnt sig að það hefur jafnvel reynst erfitt að halda mót á borð við Íslandsmót í frjálssum íþróttum fatlaðra sökum fámennis. Við umgjörð eins og FRÍ hefur upp á að bjóða er frjálssíþróttafólk úr röðum fatlaðra í sterkri umgjörð. Okkar hjartans mál er að ná til iðkendanna og liðsinna þeim við að sinna sínum greinum en félagið og sambandið þarf að vera í stakk búið til að liðsinna viðkomandi.

HP - dagskrálið lokið

11. Nefndir starfa

- **dagskráliður féll niður.**

12. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.

Engar tillögur

14. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga, fulltrúa á íþróttabing ÍSÍ.

Fylgiskjal 7.0

Frá kjörnefnd ÍF 2017

Fyrir liggur að Sveinn Áki Lúðvíksson formaður, ásamt Guðlaugi Ágústssyni úr aðalstjórn og Evu Þórdísi Ebenezersdóttur úr varastjórn ÍF gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Tillaga kjörnefndar um stjórn ÍF 2017 - 2019 er því:

Formaður: Þórður Árni Hjaltested

Varaformaður: Jóhann Arnarson

Aðrir í aðalstjórn: Halldór Sævar Guðbergsson, Matthildur Kristjánsdóttir, Margrét Kristjánsdóttir.

Varastjórn: Jón Heiðar Jónsson, K. Linda Kristinsdóttir, Þór Jónsson.

Kjörnefnd ÍF 2017

Harpa Björnsdóttir, harpa.bjornsdottir@rsk.is

Jósep Sigurjónsson, josepaku@mmedia.is

Petrína Sigurðardóttir, gallerypetra@gmail.is

- Þórður Árni Hjaltested réttkjörinn formaður
- Jóhann Arnarson réttkjörinn varaformaður

Aðalstjórn, engar aðrar tillögur,

Réttkjörnir í aðalstjórn:

- Halldór Sævar Guðbergsson
- Matthildur Kristjánsdóttir

- Margrét Kristjánsdóttir

Varastjórn, engar aðrar tillögur,
Réttkjörnir í varastjórn:

- Jón Heiðar Jónsson
- K. Linda Kristinsdóttir
- Þór Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

- Guðlaugur Guðmundsson
- Hilmar Alferðsson
- ÍSÍ Þing, samþykkt að vísa til stjórnar ÍF, samþykkt.
- Ólympíuráð – skv reglugerð þá skal kjósa einn fulltrúa á þingi ÍF og tveir skipaðir af stjórn ÍF. Tillaga um Geir Sverrisson og engar aðrar og hann skoðast réttkjörinn í Ólympíuráð ÍF.

15. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar

- Riturum var falið að ganga frá þingfundargerðum í samstarfi við stjórn og skrifstofu Íþróttasambands fatlaðra

16. Þingslit.

- SÁL: Óska nýkjörinni stjórn og formanni til hamingju með kjörið. Vill ítreka þakkir mínar fyrir það starf sem ég hef unnið fyrir ykkur og fyrir þá athygli sem þið hafið sýnt starfi mínu. Ný stjórn mun efla og auka starfið eins mikið og hægt er, þið eruð öll frábær. Kærar þakkir fyrir mig.
- ÞÁH nýkjörin formaður ÍF, þakkar það traust sem honum er sýnt með kostningu. Mun feta í fótspor SÁL og Óla Jens. Hef setið í stjórn ÍF síðan 1986 og þekki því vel til starfa ÍF og á ákveðna hlutdeild í þessu starfi og sú stefna sem mótuð hefur verið undan farin ár. Er ekki að fara í neinar stórar breytingar og mun sigla að öruggi og festu og sinna starfinu í ykkar þágu. Mun vinna áfram að bæta hag aðildarféлага. Hef töluverða reynslu af alþjóðastarfi, hef setið í tækninefnd INAS og var fyrsti Sport director Special Olympics á Íslandi.

Ekki er öllum embættisverkum lokið. Mikilvægt að þakka þeim sem stíga til hliðar úr stjórn ÍF og þakka þeim samstarfið.

Veittar voru heiðursviðurkenningar:

- Eva Þórdís Ebenezersdóttir, silfurmerki ÍF.
- Guðlaugur Ágústsson, gullmerki ÍF.
- Jóhann Arnarsson, gullmerki ÍF.
- Halldór Sævar Guðbergsson, gullmerki ÍF.

- ÞÁH afhenti loks Svein Áka skjal að vera tilnefndur sem Heiðursfélagi ÍF
- SÁL þakkaði kærlega fyrir sig.
- ÞÁH: þar sem SÁL ætti stórafmæli í lok apríl og ætlaði að vera að heiman á afmælisdeginum fengi hann hér afhenda skopmynd af sér og gjafabréf á Grillið á Hótel Sögu fyrir fjölskylduna.
- Hafsteinn Pálsson, þakkaði þingfulltrúum fyrir ánægjulegt og farsælt þing og sleit því næst þinginu og upplýsti þingheim að boðið yrði uppá veitingar eftir þingslit.
- ÞÁH þakkaði Hafsteini og þingriturum fyrir þeirra störf.

Hafsteinn Pálsson
Þingforseti

Jón Björn Ólafsson
Þingritari

Kristín Guðmundsdóttir
Þingritari